

Hverfisráð Hríseyjar

125. fundur

Fimmtudaginn 09. maí 2019 kl 20:00 var haldinn 125. fundur hverfisráðs í Hlein. Mætt voru: Ólafur Búi Ólafsson, Hermann Jón Erlingsson og Claudia Werdecker.

Dagskrá:

1. Fyrirspurn frá Gunna Jóns

Farið yfir innsent erindi frá Gunnari Jónssyni, 08. maí 2019, varðandi umsókn um leyfi fyrir landi undir rababarbararækt. Hverfisráð er sammála um að hér sé um verkefni að ræða sem fellur vel m. a. að markmiðum byggðapróunarverkefnis Brothættar Byggðir, og mælir með leyfisveitingu.

2. Fara yfir hugmyndakassann

Settur var upp hugmyndakassi í Hríseyjarbúðinni, þar sem íbúar gátu skilið eftir ábendingar vegna notkunar framkvæmdafjár 2019. Helstu hugmyndir voru:

Grillhús á hátíðarsvæðinu

Bætt sjósundaðstaða

Fleiri leiktæki handa börnum

Endurnýjun á tækjum á líkamsræktarsal sundlaugarinnar

Farið verður í kostnaðargreiningu á næstu vikum, og ákvörðun tekin hvaða verkefni verða framkvæmd á þessu ári. Þar að auki kom upp sú hugmynd að styrkja Ferðamálafélag Hríseyjar vegna kaupa á dekkjum undir dráttarvél sem er notuð í ferðir. Óskað var auk þess eftir fleiri borðum og búnaði í íþróttahúsið, og telur hverfisráð að slík fjárfesting sé nauðsynleg svo hægt sé að leigja út salinn, en óheppilegt væri ef framkvæmdaféð yrði notað í hana.

3. Tiltektardagur 2019

Farið yfir innsent erindi frá Lindu Maríu Ásgeirsdóttur, 8. maí 2019, varðandi hreinsunardag. Erindið fékk jákvæðar undirtektir, og verður hreinsunardagur haldinn 08. júní 2019.

4. Önnur mál

Vinnubrögð útgerðarinnar á svæðinu rædd. Mikil óánægja er meðal íbúa að landanir séu skráðar í byggðakvóta, en aflinum í mörgum tilfellum ekki landað í heimabyggð. Hverfisráð telur að útgerðin sé ekki að styrkja heimabyggð að ráði, enda ekki borguð hafnar- og löndunargjöld, ekki verslað við búðina og nánast engir heimamenn sem vinna í frystihúsinu.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl 21:50.

Ólafur Búi Ólafsson
Hermann Jón Erlingsson
Claudia Werdecker

Fundargerð rituð af Claudiu Werdecker